

Hópuppsagnir í desember 2017 og á árinu 2017


Hópuppsagnir í desember 2017

Engin tilkynning um hópuppsögn barst til Vinnumálastofnunar í desember 2017.

Tilkynningar á árinu 2017


Á árinu 2017 bárust Vinnumálastofnun 17 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem 632 manns var sagt upp störfum. Flestir hafa misst vinnuna í fiskvinnslu, 241 eða um 38% allra hópuppsagna, í iðnaðarframleiðslu 125, eða um 20% og 86 í verslun eða um 14%.

Mynd 1
Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2017




Um 56% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2017 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 20% á Vesturlandi., um 19% á Suðurlandi og um 5% á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum. Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

Mynd 2
Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2017



Á mynd 3 má sjá að 437 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2017 komu til framkvæmda á því ári en 195 hópuppsagnanna á árinu 2017 koma til framkvæmda á árinu 2018.

Mynd 3
Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2017 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2017 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2017 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	61	9,6%	2	11,8%
feb	107	16,9%	2	11,8%
mars	65	10,3%	2	11,8%
apríl	0	0	0	0
maí	92	14,6%	1	5,8%
júní	71	11,2%	2	11,8%
júlí	0	0	0	0
ágúst	20	3,2%	1	5,8%
sept.	38	6,0%	2	11,8%
okt.	60	9,5%	2	11,8%
nóv.	118	18,7%	3	17,6%
des.	0	0	0	0
<i>Alls</i>	<i>632</i>	<i>100%</i>	<i>17</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2017

Alls komu 768 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2017, 331 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2016 og 437 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2017. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2017.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2017 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2016 og á árinu 2017



Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 10.650 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 10 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2017.

Mynd 5
Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2017

